



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 66

Apríl 1998

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6 þriðjudaginn 28. apríl 1998 kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Innri gerð og eðli Grímsvatna *Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur*
2. Kaffihlé
3. Jeppaferð á Suðurskautslandið *Freyr Jónsson og Jón Svanþórsson*

VORFUNDUR

Innri gerð og eðli Grímsvatna - vitnisburður jarðeðlisfræðilegra mælinga

Grímsvötn eru virkasta eldstöðin á Íslandi sé tekið mið af fjölda gosa á sögulegum tíma. Vegna legu sinnar inni í miðjum Vatnajökli lýsir virkni eldstöðvarinnar sér á annan hátt en flestra annarra. Grímsvötn eru eitt öflugasta jarðhitasvæði landsins og þar eiga Skeiðarárhlaup upptök sín. Þau verða oftast vegna stöðugrar bræðslu jarðhitans en á stundum verða mikil hlaup vegna snöggrar bráðnunar íss í eldgosum norðan vatnanna, til dæmis 1938 og 1996. Hin mikila eld- og jarðhitavirkni samfara sérstæðri legu, valda því að Grímsvötn eru með áhugaverðustu eldfjöllum á jörðu. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum um innri gerð Grímsvatna samkvæmt jarðeðlisfræðilegum mælingum og hvernig þær varpa ljósi á uppsprettu jarðhitans. Einnig verður fjallað um hvernig jarðhitinn tengist eldvirkninni og hvernig breytingar í virkni Grímsvatna hafa valdið miklum breytingum á jöklinum umhverfis vötnin og orsakað minnkandi Skeiðarárhlaup á síðustu áratugum. Að lokum verður rætt um tengsl eldstöðva í norðvestanverðum Vatnajökli, m.a. í ljósi fyrstu niðurstaðna þyngðarmælinga sem unnar hafa verið í vorferðum JÖRFI undanfarin ár.

Magnús Tumi Guðmundsson

Jeppaferð á Suðurskautslandið

Eftir kaffihlé sýna Freyr Jónsson og Jón Svanþórsson myndir af jeppaleiðangri sínum á Suðurskautslandið. Þar sýndu Íslendingar að þeir eru enn í forystu á ýmsum svíðum jöklarannsóknna og fara ekki alltaf troðnar slóðir.

AÐALFUNDUR JÖRFÍ 1998

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands var haldinn 24. febrúar 1998 í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6.

Formaður Helgi Björnsson flutti skýrslu sína um starfsemi félagsins. Hann lauk ræðu sinni með nokkrum kveðjuorðum því hann lætur nú af formennsku í féluginu.

Jón Ísdal skýrði reikninga sem voru samþykktir athugasemdalaust. Jón þakkaði fyrir samstarf í stjórn félagsins því hann gefur ekki lengur kost á sér til stjórnarstarfa.

Til formennsku var kosinn Magnús Tumi Guðmundsson. Garðar Briem og Steinunn Jakobsdóttir voru kjörin í aðalstjórn. Í varastjórn voru kosnir Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson og Halldór Gíslason.

Nýi formaðurinn kvaddi sér hljóðs í lokin og þakkaði traustið sem honum var auðsýnt. Sömuleiðis þakkaði hann þeim Helga Björnssyni og Jóni Ísdal fyrir mikil og farsæl störf í þágu félagsins.

Stjórn Jöklarannsóknafélags Íslands skipa nú

Magnús Tumi Guðmundsson formaður kosinn 1998 til 3 ára

Oddur Sigurðsson varaformaður kosinn 1997 til 2 ára

Garðar Briem gjaldkeri kosinn 1998 til 2 ára

Steinunn Jakobsdóttir ritari kosinn 1998 til 1 árs

Alexander Ingimarsson meðstjórnandi kosinn 1998 til 2 ára.

Varastjórn Jöklarannsóknafélags Íslands

- | | |
|--------------------------|---------------------|
| 1. Hannes Haraldsson | 2. Halldór Gíslason |
| 3. Ástvaldur Guðmundsson | 4. Jón Sveinsson |

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknaneftnd: Magnús Tumi Guðmundsson, formaður, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Oddur Sigurðsson og Steinunn Jakobsdóttir.
- Skálaneftnd: Sverrir Hilmarsson formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Guðmundur Þórðarson, Jón Ísdal, Stefán Bjarnason og Vilhjálmur Kjartansson.
- Bílanefnd: Þorsteinn Jónsson formaður, Árni Páll Árnason, Garðar Briem, Hafliði Bárður Harðarson, Halldór Gíslason, Sigurjón Hannesson, Sigurður Vignisson og Steinunn Jakobsdóttir.
- Ferðanefnd: Skipun frestað.
- Útgáfustjóri Jökuls: Einar Gunnlaugsson.
Ritnefnd Jökuls: Haukur Jóhannesson, Helgi Torfason, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Leó Kristjánsson og Tómas Jóhannesson
- Fagritstjórar Jökuls: Halldór Gíslason (félagslegt efni), Tómas Jóhannesson (jöklabreytingar), Bryndís Brandsdóttir (Katla) og Helgi Torfason (gos í Vatnajökli og hlaup).
- Skemmtinefnd: Skipun frestað.

- Valnefnd: Gunnar Guðmundsson var endurkjörinn til 3 ára en áfram sitja Sveinbjörn Björnsson 2 ár í viðbót og Stefán Bjarnason í 1 ár.

Oddur Sigurðsson

NEYÐARÚTKALL!!!

Í skjalageymslu félagsins eru allar gestabækur úr skálunum frá upphafi fyrir utan tvær. Þær tvær sem á vantar er mikilvægt að finna. Önnur er fyrsta gestabók Esjufjallaskála og hún er í viðgerð, þannig að við teljum okkur vita hvar hún er, þó að ekki sé það alveg öruggt. Hin er fyrsta gestabókin af Grímsfjalli. Hún hefur farið á flakk og það er mjög slæmt því að hún er líklega áhugaverðasta bókin. Þessi bók glataðist ekki í skálanum, heldur var ákveðið í byrjun áttunda áratugarins að ljósrita hana, og einhver góður maður tók það að sér, með það líklega í huga að gera það ódýrt á vinnustað sínum, eða fá það gert einhvers staðar á hagkvæman hátt. Þetta er talið hafa verið á árunum 1970-75.

Við fórum nú fram á að fólk grufli nú í heilasellunum til að finna út hvað hefur orðið af henni. Ég er sannsærður um að einhver getur grafið hana upp eða rifjað upp hvernig þetta var. Vinsamlegast hafið samband við mig eða einhvern stjórnarmanna til að hálpa okkur að finna bókina. Hún er mjög mikilvæg heimild um menn og málefni, og sérstaklega um marga af þeim rannsóknarleiðöngrum sem félagið hefur verið aðili að.

Halldór Gíslason